

## Fundur Fjár- og hjarðhundadeildar 16.09.2018

Litla kaffistofan kl. 12:45, Svava boðar forföll vegan veikinda, aðrir eru mættir. Guðríður ritar fundinn.

1. sækja þarf um leyfi hjá MAST fyrir sýningunni, Hilmar ætlar að gera það á mánudaginn, Guðríður verður skráður dýralæknir sýningarinnar.
2. Finna þarf hótél fyrir dómarann:  
Hilmar er búin að skoða aðeins þó sem er í boði. Hótél Selfoss býður hagstæðustu gistinguna. Heidi verður ekki með hund á sýningunni og er því hlutlaus einstaklingur í samskiptum við dómara. Inga mun þá sjá um að sækja dómarann á hótél Selfoss og koma með hana á sýninguna á sýningardag.  
Inga mun sjá um að finna ritara og þá starfsmenn sem hún þarf með sér á sýninguna.
4. Eftir sýningu fer stjórn+makar með dómaranum út að borða, t.d á Tryggvaskála á Selfossi.
5. Ljósmyndari á sýninguna:  
Gaman væri að hafa ljósmyndara á vegum deildarinnar sem sæi umm að taka myndir í hring og af helstu úrslitum. Setja síðan upp myndabás þar sem folk getur stillt upp sýnum hundi og fengið ljósmyndarann til þess að taka myndir, eigendur myndu þá borga ljósmandaranum fyrir þær myndir.  
Guðríður tekur að sér að prófa að tala við Ólöfu Gyðu hvort hún hefði áhuga á að koma og mynda á sýningunni.  
Ef hún er ekki laus á þá ætlar Smári að tala við Pétur Alan eða Ágúst.
6. Gjöf fyrir dómara – Lopapeysa – bók um island – dagatal 2019 DÍF ??  
Við þurfum öll aðeins að leggja höfuðið í bleyti með það.
7. Rósettur: Deildin vill gefa rósettur á sýningunni BOB og BOS í hverri tegund og síðan BIS, II, III og IV, besta Öldung, Ungliða og Hvolp sýningar. Svava ætlar að sjá um það.
8. Svava era að skða með verðlaun, tala við Dýraríkið og 4 loppur til dæmis.
9. Heidi ætlar að heyra í SS hvot hægt sé að fá Pylsur og kanski einhverja súpu sem hægt væri að selja sem fjáröflun fyrir deildina.
10. Næsti fundur er settur fimmtudaginn 4. Okt 17:30 á litlu kaffistofunni. Guðríður verður erlendis, en aðrir mæta.